

Ed.

578. Breytingartillögur

[120. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Pétri Benediktssyni.

1. Við 7. gr. C-liður orðist svo:
Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna í einn sólarhring í senn afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti. Nú leikur grunur á, að sending, sem ekki er svo merkt, sé áfengissending, og getur lögreglustjóri þá krafizt þess, að hún sé opnuð í viðurvist hans eða fulltrúa hans, ella verði afhendingu frestað í samræmi við það, sem að framan segir.
2. 9. gr. orðist svo:
16. gr. laganna orðist svo:
Útsölur Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins og vínveitingahús mega ekki afhenda ölvuðum mönnum áfengi. Ekki mega þessir aðilar heldur selja eða veita yngra manni en 20 ára áfengi. Ef vafi leikur á um aldur manns, verður hann að geta sannað sitt mál með nafnskirteini eða á annan fullnægjandi hátt.
3. Við 10. gr. Bókstafurinn a framan við fyrra málslíð og b-liður falli niður.
4. 11. gr. falli niður, og breytist greinatalan skv. því.
5. Við 15. gr. Í stað tveggja síðustu setninganna komi: Ráðherra kveður nánara á um starfssvið nefndanna að þessu leyti í reglugerð.
6. 20. gr. falli niður, og greinatalan breytist skv. því.